

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/31/04

frá 7. apríl 2000

um samþykkt áætlunar um smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun sem Þýskaland lagði fram(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 996)

(Einungis þýski textinn hefur lagagildi)

(2000/312/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina í því skyni að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir fiskeldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til tiltekinna fisksjúkdóma.
- 2) Þýskaland lagði áætlun fyrir framkvæmdastjórnina um iðradrep (IHN) [smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN)] og veirublæðingu (VHS) [veirublóðeitrun (VHS)] með tilliti til þess að öðlast stöðu viðurkennds svæðis fyrir vatnsöflunarsvæði í Baden-Württemberg og Bæjaralandi.
- 3) Í áætluninni er lýst landfræðilegri legu viðkomandi svæðis, ráðstöfunum sem opinberum þjónustustofnunum ber að gera, reglum sem viðurkenndum rannsóknarstofum ber að fylgja, algengi viðkomandi sjúkdóma og ráðstöfunum sem ber að grípa til ef sjúkdómarnir koma upp.
- 4) Athugun hefur leitt í ljós að áætlunin samræmist 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin um eftirlit með iðradrepi og veirublæðingu fyrir eftirtalin svæði, sem Þýskaland lagði fram, er hér með samþykkt:

svæði á vatnsöflunarsvæðinu „Wolfegger Aach und Rohrsee“,

svæði á vatnsöflunarsvæðinu „Oberr Nagold“,

svæðið „Große Lauter“ á vatnsöflunarsvæði Danube árinna.

2. gr.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal samþykkja nauðsynleg ákvæði í lögum og stjórnslufyrirmælum til að fara að áætluninni sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Gjört í Brussel 7. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 104, 29.4.2000, bls. 80, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2001 frá 23. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.